

af fyrir sig eigi mótmælt. Verður upphæð þessa kröfuliðs því tekin til greina.

Hinum kröfuliðnum er af stefndra hálfu mótmælt sem of háum sökum óvarkárni Konráðs heitins, er slysið varð, og framfærslusambands hans við stefnanda.

En eins og málum er háttað og eigi þykir ástæða til að fara nánar út í en gert hefur verið, og með tilliti til núverandi verðgildis peninga, þykir dánarbótakrafan eftir atvikum ekki of há, og þar sem ekki þykja standa efni til að skipta ábyrgðinni, þá verða kröfuliðir stefnanda báðir teknir til greina. Þá verða stefndir, einnig in solidum, dæmdir til greiðslu þeirra vaxta, sem krafizt hefur verið.

Í þinghaldi í málinu 20. sept. s. l. lagði stefnandi fram gjafsóknarleyfi í málinu sér til handa, útgefið 6. júní 1941.

Stefnandi hefur þó eigi á gjafsókn minnzt við munnlegan flutning málsins, og þar sem hann hefur greitt öll réttargjöld, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, verður málskostnaður til-dæmdur eins og ekkert gjafsóknarleyfi lægi fyrir.

Eftir atvikum þykir rétt að taka málskostnaðarkröfu stefnanda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, kr. 1320.15, til greina og dæma stefndu in solidum til greiðslu hennar.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Bolli Eggertsson, Kristján Albertsson og Árni Friðriksson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Antoni Ólafssyni Weywadt, kr. 15591.10. með 5% ársvöxtum frá 4. marz 1941 til greiðsludags og kr. 1320.15 í málskostnað allt innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. apríl 1945.

Nr. 41/1944. Sigríður Kristjánsdóttir (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Steingrími Bjarnasyni og gagnsök.
(Gunnar Þorsteinsson).

Skaðabætur vegna líkamsáverka. Refsikröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1944, hefur krafizt þess, að gagnáfrýj-

anda verði dæmd refsing eftir 217. gr. hegningarlaganna, honum dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 7789.00 með 5% ársvöxtum frá 30. okt. 1943 til greiðsludags og að löghaldsgerð frá 7. sept. 1943 verði staðfest. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem gagnáfrýjað hefur málinu með stefnu 3. maí 1944, hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að þeir liðir kröfu aðaláfrýjanda, sem véfengdir hafa verið, yrðu lækkaðir að mati hæstaréttar. Svo krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Áverki sá, er aðaláfrýjandi varð fyrir og í héraðsdómi getur, virðist vera slíkur sem 218. gr. hegningarlaganna greinir. Á ríkisvaldið því að lögum sókn þeirrar sakar. Og þykir því rétt að vísa refsikröfu aðaláfrýjanda frá héraðsdómi að svo stöddu.

Einn sjónarvottur hefur staðhæft það og eiðfest, að gagnáfrýjandi hafi greitt aðaláfrýjanda högg það, er olli aðaláfrýjanda broti á kjálka vinstra megin. Í aðiljaskýrslu sinni hefur aðaláfrýjandi staðhæft hið sama, og eiginmaður hennar hefur og fullyrt, að gagnáfrýjandi hafi greitt höggið. Sjálfur virðist gagnáfrýjandi hafa munað mjög óljóst, hvað fram fór, enda þá ölvaður að marki.

Með gögnum þeim, er greind voru, og með hliðsjón af öllum atvikum, sem lýst er í héraðsdómi, þykir það nægilega ljóst gert, að gagnáfrýjandi hafi bakað sér fébótaábyrgð á slysi því, er aðaláfrýjandi varð fyrir og að framan getur. Og koma þá einstakir liðir fébótakröfu aðaláfrýjanda til athugunar.

Um 1., 2. og 3.a lið. Þessir liðir eru viðurkenndir réttir.

Um 3.b—6. lið. Þessir liðir sýnast allir greina eðlileg útgjöld vegna farar aðaláfrýjanda til Reykjavíkur, og kröfum svo í hof stillt, að niðurfærsla á þeim þykir ekki hafa við rök að styðjast.

Um 7. og 8. lið. Telja má sannað með vottorði héraðslæknis, að aðaláfrýjandi hafi hlotið varanleg andlitslýti af

kjálkabrotinu, og þjáningar hennar vegna þess verða eigi í efa dregnar. Þykja kröfur aðaláfrýjanda um þessa liði einnig hóflegar.

Um 9. lið. Þenna lið hefur aðaláfrýjandi felld niður.

Um 10. lið. Sannað er, að aðaláfrýjandi hefur greitt kr. 115.00 vegna dvalar barns utan heimilis í fjarvist hennar vegna meiðslanna.

Um 11. lið. Þenna lið ber að taka til greina samkvæmt því, er í héraðsdómi segir.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 7789.00. Vexti þykir mega dæma samkvæmt kröfu aðaláfrýjanda, með því að krafa um 5% ársvöxtu frá 30. okt. 1943 var gerð, er gengið var frá aðalkröfunni.

Ákvæði héraðsdóms um niðurfall löghaldsgerðar ber að staðfesta af ástæðum þeim, er þar greinir.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda í málskostnað fyrir báðum dómum samtals kr. 2000.00.

Því dæmist rétt vera:

Refsikröfunni er vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Steingrímur Bjarnason, greiði aðaláfrýjanda, Sigríði Kristjánsdóttur, kr. 7789.00 með 5% ársvöxtum frá 30. okt. 1943 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Ákvæði héraðsdóms um niðurfall löghaldsgerðar eru staðfest.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Garðar hrm. Þorsteinsson hér í bæ f. h. Sigríðar Kristjánsdóttur í Neskaupstað höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. október f. á. gegn Steingrími stýrimanni Bjarnasyni, Hrisateig 10 hér í bænum, og haft uppi þær kröfur, að stefndur verði dæmdur til lögmæltrar

refsingar fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, að stefndur verði dæmdur til að greiða stefnanda hæfilegar skaðabætur að mati dómara fyrir tjón það, er hún hefur orðið fyrir af meiðslum þeim, sem hún telur stefndan hafa valdið, að staðfest verði með dómi bæjarþingsins löghaldsgerð, er framkvæmd var í fúgetarétti Neskaupstaðar hinn 7. september f. á til tryggingar kröfu stefnanda að hluta, og loks að stefndur verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Síðar í flutningi málsins hefur stefnandi tiltekið fjárhæð skaðabótakröfu sinnar kr. 8994.00 og auk þess krafizt 5% ársvaxta frá stefnubirtingardegi 30. okt. f. á. til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess, að úrslit málsins verði látin koma undir eiði hennar.

Stefndur hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar; til vara, að úrslit málsins verði látin velta á eiði hans, og til þrautavara, að skaðabótakrafa stefnandi verði lækkuð verulega og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. júní f. á. voru þrjár konur og maður einnar þeirra gestir stefnandi og eiginmanns hennar að heimili þeirra í Neskaupstað. Komu gestir þessir til hjónanna milli kl. 9 og 10 um kvöldið, og var þeim veitt áfengi. Á að gizka klukkustund síðar kom stefndur, sem var vel kunnugur báðum hjónunum, heim til þeirra, en óljóst er, hvort hann kom boðinn eða óboðinn, en honum var síðan veitt með gestunum. Um miðnætti fóru tveir gestanna, en um tvöleytið, er hinir tveir þjuggust til brottferðar, mæltist húsráðandi til þess við stefndan, að hann færi, svo að hjónin gætu tekið á sig náðir. Reiddist stefndur þessu, er hann skildi sem brottrestur, og varð úr nokkurt handalögmál með þeim. Er stefnandi reyndi að ganga á milli og stilla til friðar, varð hún fyrir höfudhöggi svo miklu, að neðri kjálki hennar brotnaði vinstra megin, og féll hún í ómeigin við höggið. Kveður stefnandi stefndan hafa veitt sér högg þetta, og hefur hún því höfðað mál þetta, sem áður segir.

Stefndur hefur eindregið mótmælt því, að hann hafi veitt stefnanda högg, og heldur því fram, að hún hafi orðið fyrir höggi, er eiginmaður hennar ætlaði stefndum. Kveðst hann hafa komið til þeirra hjónanna daginn eftir, og hafi þau þá ekki sagt vita, af hvers völdum slys þetta hefði orðið. Hins vegar hafi sér þótt sanngjarnt að taka þátt í kostnaði þeim, er af slysinu hlaut, og hafi hann þá þegar boðizt til þess, en hjónin hafi hafnað því boði.

Þrátt fyrir framburð annarra gesta þeirra, er viðstaddir voru viðureignina, um að stefndur hafi greitt stefnandi högg það, er olli meiðslum hennar, þykir eigi, gegn mótmælum stefnds, talið nægjanlega sannað, að svo hafi verið, og með því að eigi þykir rétt að láta mál sem þetta velta á aðildareiði, verður að sýkna

stefndan af refsikröfu stefnandi. Hins vegar þykir framferði stefnds hafa verið slíkt, að með þátttöku sinni í barsmiðum þeim, er leiddu til meiðsla stefnandi, hafi hann gerzt meðvaldur að slysi þessu, svo að rétt þykir að telja hann bera ábyrgð á tjóni stefnandi að hálfu.

Kemur þá til athugunar fjárhæð bótanna.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína svo:

1. Sjúkrahúsvist	kr. 514.00
2. Lækniskostnaður	— 116.80
3.a Ferðakostnaður til Reykjavíkur	— 300.00
3.b Ferðakostnaður til Neskaupstaðar	— 202.00
4. Símakostnaður	— 151.20
5. Útbúnaður til ferðarinnar	— 140.00
6. Ýmis kostnaður í Reykjavík	— 200.00
7. Bætur fyrir andlitslýti	— 3500.00
8. Bætur fyrir þjáningar	— 2500.00
9. Kaupverð gerfitanna og lagfæring á þeim (óframkvæmt)	— 1200.00
10. Kostnaður við að koma börnum fyrir	— 120.00
11. Viðbótarkaup stúlku	— 50.00

Samtals kr. 8994.00

Stefndur hefur viðurkennt 1., 2. og 3. lið, þó þannig, að hann samþykkir ekki hærri fjárhæð en kr. 136.00 fyrir 3b. Þykir verða að taka þá kröfu til greina, enda hefur stefnandi ekki lagt fram gögn um greiðslu sína samkvæmt þeim lið.

Um 4—6. Stefndur hefur eindregið mótmælt þessum liðum, og hefur stefnandi að vísu ekki fært fyrir þeim fullgild gögn, en með því að telja verður, að hún hafi orðið fyrir nokkrum kostnaði að þessu leyti, þykir rétt að ákveða henni sem hæfilegar bætur þess kostnaðar kr. 200.00.

Um 7—8. Samkvæmt vottorði héraðslæknisins í Norðfirði, dags. 15. nóv. f. á., er nokkur skekkja á brotstöðvunum, og segir svo meðal annars í vottorðinu: „Vinstra megin finnst brotið ca 2,5 cm framan við kjálkahorn, og standast endarnir ekki á, þannig að fremra brotið (Fragmen) liggur utar og neðar en það aftara. Finnst þar og sést greinilegur gúll á kjálkaröndinni. Hægra megin finnst brotið ca 1,5 cm framan við kjálkahorn, en ber ekki eins mikið á, að brotin fari afvega (deviatio). Þá sést, að kjálkinn er þar fyrirferðarmeiri, og þar sem þetta er aftar en hinum megin, þá eykur það sjáanlega skekkju og lýti.“ Ekki hefur verið sýnt fram á, að missmiði þessi hverfi, er fram liður, en stefnandi er nú 26 ára gömul.

Tveimur dögum eftir áverkann fór stefnandi til Reykjavíkur og var í sjúkrahúsi tæpan mánuð. Allan þann tíma hafði hún verki

í kjálkanum, og eftir að heim kom hefur hún samkvæmt áðurgreindu vottorði héraðslæknisins í Norðfirði haft verki frá kjálka upp í höfuð, og telur læknirinn þá stafa frá brotinu. Með hliðsjón af framanrituðu þykja bæturnar fyrir þjáningar og lýti hæfilega ákveðnar í heild kr. 3000.00.

9. liður var ekki afleiðing slyssins, þar eð stefnandi var tannlaus áður, og virðist hún hafa fallið frá honum í flutningi málsins.

10. lið er ekki unnt að taka til greina gegn andmælum stefnds, þar eð engin gögn eru fyrir hendi um þann kostnað.

Um 11. lið. Stefnandi hefur lagt fram yfirlýsingu stúlku þeirrar, er hún greiddi fjárhæð þessa, og þykir bera að taka þenna lið til greina, þrátt fyrir andmæli stefnds, enda virðist greiðslunni í hót stillt, en ljóst þykir, að verk stúlkunnar hafi orðið erfiðari við fjarveru stefnandi.

Málalok verða því þau, að bætur fyrir tjón stefnandi ákveðast samkvæmt framanrituðu kr. 4316.80, og verður stefndur dæmdur til greiðslu þeirra að hálfu, eða kr. 2158.40, svo og málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Vaxta var ekki krafizt í stefnu, og verður vaxtakröfu stefnandi því ekki sinnt, enda verður að telja henni nægilega mótmælt af hálfu stefnds.

Krafa stefnandi um staðfestingu löghalds þess, er um ræðir í málinu, verður og ekki tekin til greina, þar eð því hefur ekki verið haldið nægilega fljótt til laga, og verður það því fellt úr gildi.

Fjárhæð, sem stefndur telur sig eiga hjá eiginmanni stefnandi, kemur að sjálfsgöðu ekki til frádráttar dómkröfum hennar í máli þessu gegn mótmælum hennar.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur tafizt nokkuð sakir páskaleyfis og vegna mikilla embættisanna.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind löghaldsgerð er úr gildi felld.

Stefndur, Steingrímur Bjarnason, skal vera sýkn af refsikröfunni í máli þessu, en greiði stefnandi, Sigríði Kristjánsdóttur, kr. 2158.40 og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.